



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**
Samvinna - þekking - árangur

Rýni stjórnenda 2025-2026

Petra Lind Sigurðardóttir
Aðstoðarskólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda	2
Innri úttektir	10
Endurgjöf frá viðskiptavinum	11
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2025	11
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	13
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2026	12
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	Error! Bookmark not defined.
Skólapúlsinn 2025-2026	15
Stofnun ársins 2025.....	15
Mat á vinnustofu/heimastofukerfi.....	17
Könnun á verknámsvali	18
Frammistaða ferla og samræmi vöru	20
Yfirferð á skjölum	20
Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall	20
Ábendingar, kvartanir, frábrigði.....	21
Útskrift áfanga.....	22
Kennsluáætlanir	22
Framvindumat.....	23
Áfangaskýrslur	23
Einkunnalistar.....	24

Gerð námsmatsþátta.....	24
Samantekt	24
Staða forvarna og úrbóta	25
Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	26
Jafnlaunakerfið	26
Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar	26
Innri úttektir jafnlaunakerfis	28
Niðurstöður markmiða.....	28
Umhverfisstjórnun	29
Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	30
Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans	30
Tillögur um umbætur	32
Tillögur um auðlindir	34

Dags.: 18. Júní'26	Tími: 13:00	Staðsetning: Fundaherbergi	Fund boðaði: Petra
--------------------	-------------	-------------------------------	--------------------

Mættir:	Birgir Jónsson skólameistari, Sigurborg Hákonardóttir fjármála og skrifstofustjóri, Petra Lind Sigurðardóttir aðstoðarskólameistari og Guðný Björg Guðlaugsdóttir áfangastjóri
Fjarverandi:	

Niðurstöður fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2024-2025 fór fram í nóvember 2025. Á aðgerðarlista fyrir skólaárið 2025/2026 voru eftirtalin verkefni:

Innri úttektir

- Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir. Eftirfylgni hefur verið í höndum aðstoðarskólameistara og unnið hefur verið að því að forma betur ferlið við þær. Hefur verið í þróun síðustu annir, á skólaárinu var nú prufað að auglýsa oft og hugsa skólaárið þannig að alltaf væri einhver rýni í gangi t.d. jan – mars, apríl – júní, ágúst – okt og okt – des.
- Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi. Unnið er eftir áætlun sem er gerð fyrir önn í einu og tryggir það að allar verklagsreglur séu teknar út árlega og þar með kröfur staðalsins. Auglýst er eftir úttektaraðilum eins og komið er inná hér að ofan, það er jákvætt að því leyti að þá er hægt að virkja fleiri inn í gæðakerfið og hjálpar það til við að kynna það betur fyrir starfsfólki. Aðstoðarskólameistari hefur yfirumsjón með vinnunni.
- Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir. Í gegnum hverja úttekt er skipulagið í raun þróað. Aðstoðarskólameistari og úttektaraðilar vinna náið saman að þessu og munu halda áfram næstu annir.

Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum

- Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati, tekin var tími í vinnustofu dagskólanema sama dag og áfangamatið opnaðist á hvorri önn fyrir sig. Þar næst yfirleitt besta svörun þátttakenda en fylgt er eftir með auglýsingum á miðlum skólans og í tölvupósti til að ná til þeirra sem ekki svara á fyrstu viku áfangamas. Haldið var áfram með umbun fyrir þátttöku. Nemendur gátu sent inn staðfestingu á að hafa lokið og þeir fóru í pott sem dregið var úr á haustönn en fyrirförst á vorönn. Það þarf þó að ýta einhvern veginn undir frekari þátttöku fjar- og dreifnema en t.d. er flókið að ná til sjúkraliðanema sem eru með fleiri en einn Innuaðgang og ruglingslegt að komast að áfangamatinu.

- Halda áfram að efla starfsmannasamtöl og vinna að endurmenntunaráætlun. Allir kennarar fóru í samtal á vorönn 2026 sem skólameistari sá um. Þessi viðtöl hafa ekki verið í nægilega föstum skorðum en nú hefur verið náð að halda þau reglulega s.l. 2 ár og þarf að halda því áfram enda mikilvægt fyrir bæði starfsfólk og stjórnendur.
- Halda áfram reglulegum rýnihópafundum með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni. Þessu var ekki sinnt þetta skólaárið. Þarf að leggja áherslu á næsta skólaár og koma í enn fastari skorður.
- Leggja könnun fyrir nemendum í verkefninu *Verklegt val* í VA. Könnun lögð fyrir fyrir 9. og 10. bekkinga í lok hvers hluta. Niðurstöðurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans ásamt því sem fjallað er um þær hér.
- Leggja Skólapúlsinn fyrir nemendum. Skólapúlsinn átti að vera lagður fyrir í Apríl'26. Það náðist ekki og verðum við að stefna á þátttöku í október 2026 þess í stað.
- Efla foreldrafélag. Það var gert í vetur og myndað foreldraráð með 4 forsjáraðilum. Foreldrafélagið fundaði þrisvar á vorönn 2026 en áframhaldandi þróun félagsins þarf að eiga sér stað á komandi skólaári ásamt því að afmarka betur hvert hlutverk foreldrafélagsins á að vera til framtíðar.
- Leita leiða til þess að bæta ánægju með kennsluna og greina betur viðhorf til aðstöðunnar. Þessu þarf að framfylgja næsta skólaár og taka út rýni varðandi viðhorf til aðstöðunnar. Rýni gæti m.a. falið í sér að taka stöðuna á nemendahópum hvað mætti betur fara í aðstöðumálum og tengja við punkt hér að ofan um rýnihópafundi með nemendum v/ ákveðin málefni.

Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða

- Halda áfram að þróa nýtt starfsfólk þar sem farið er yfir helstu atriði sem þarf að kunna skil á við upphaf starfs. Styðjast við gátlista um móttöku starfsfólks. Síðustu tvær haustannir hefur verið haldið slíkt námskeið. Þá kemur nýtt starfsfólk og fær

fræðslu. Þarf að halda áfram að þróa þetta á komandi árum sérstaklega í ljósi þess að starfsfólk sem hefur störf t.d. um áramót fellur á milli.

- Kynna gæðakerfið fyrir öllu starfsfólki og nemendum. Hlutar gæðakerfis hafa verið kynntir á starfsmannafundum. Mikilvægt að koma því í fastar skorður að kerfið sé einnig kynnt meðal nemenda líkt og gert var árið áður þar sem nemendur á 1. Og 2. ári fengu kynningu.
- Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og hlutverk þeirra innan þess. Til eru myndbönd á innra neti skólans þar sem farið er yfir útfyllingu gátlista og er það eitthvað sem þarf að passa betur upp á að öllu nýju starfsfólki sé sent við upphaf vinnu sinnar. Einnig er starfsmannahandbók aðgengileg á innra svæði starfsfólks sem hjálpar einnig til en fylgja þarf eftir að slík gögn séu móttækin af hálfu kennara.
- Tryggja rýni á námsmatspáttum og skil á gátlistanum *Gerð námsmatspátta* áður en þátturinn er lagður fyrir. Skref hafa verið stigin í því að tryggja rýni námsmatspátta og skil á gátlistanum. Er þetta smá saman að þokast rétta leið en tryggja þarf enn betur að slíkt sé gert áður en fyrirlögn námsmatspátts fer fram.
- Taka GÁT-lista um hlutverk leiðsagnarkennara í notkun.

Úrbætur

- Halda áfram reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar. Það er komin betri virkni í þennan þátt, deildir halda fundi og skjala niðurstöður en þarf að halda utan um að allar deildir séu virkar hvað þetta varðar.
- Tryggja sýnileika á gildum skólans fyrir nemendur. Gildin voru sett upp í matsal skólans á þessu skólaári og eru þar með ansi sýnileg nemendum og starfsfólki dagsdaglega. Halda þarf áfram að huga hvernig tengja má gildin betur inn í allt okkar starf og gera sýnilegri og eru það næstu skref.

- Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum (GÁT-018). Ferli við skráningu á frávikum hefur aðeins farið niður á við í kjölfar stjórnendabreytinga. Þarf að halda áfram með að þróa þetta ferli þannig að öll frávik séu skráð, meðhöndluð og eftirfylgni sé tryggð. Settir hafa verið ábendingahnappar á heimasíðu og einnig er til skoðunar að koma upp nýju tölvukerfi sem heldur betur utan um þetta.
- Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald. Hluti aðila hefur unnið með skjölin og gert það vel en alla aðila sem sjá um innkaup og viðhald þarf að setja inn í þetta kerfi og mikilvægt að halda þessu áfram á næsta skólaári.
- Vinna í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt. Nemendafélagið hélt áfram svipuðum hætti og skólaárið á undan þar sem búin var til dagskrá fyrir hvern mánuð sem kynnt var í upphafi mánaðar á nemendafélagssíðu. Fastir liðir voru áfram á dagskrá, VA bolti, árshátíð ofl. Halda þarf áfram að byggja ofan á þetta á næsta ári. Reynt var að fá hugmyndir til að stofna til klúbba en lítil viðbrögð þetta árið. Halda þarf áfram að byggja ofan á þetta á næsta ári í samvinnu við nemendafélag og félagslífsfulltrúa skólans.
- Efla formlegt samstarf kennara með því að festa samráðstíma í stundatöflu. Einn starfsmannafundur í mánuði var helgaður faglegu samstarfi kennara, þar sem unnið var í þremur hópum sem ræddu m.a. starfsbraut, Tæknidaginn og námsmatsreglur skólans. Þetta fyrirkomulag þarfnast endurskoðunar.
- Tryggja utanumhald varðandi óvirka nemendur. Það hefur verið gengið á eftir því að ýtt sé sérstaklega á fjarnema. Varðandi dagskólanemendur eru haldnir vörðufundir með umsjónarkennurum þar sem aðgerðir eru ákvarðaðar. Verður að halda áfram að byggja ofan á þetta.
- Halda áfram að ýta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild. Nýtt húsnæði var upphaflega á áætlun 2025 og haldið verður áfram að ýta á þá aðila sem halda á málinu.
- Skoða nýtt tölvukerfi fyrir gæðahandbók og ábendingarkerfi. Tekin ákvörðun í vetur að færa málakerfið og gæðakerfið yfir í Go pro og er sú vinna í fullum gangi.

- Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu. Mikill kraftur hefur verið í þróun námsins og ýmsar námsleiðir teknar upp til þess að mæta eftirspurn í samfélaginu svosem iðnmeistaránámið og nú skipstjórnarnámið sem hefur farið vel af stað og góð aðsókn í. Á vorönn 2026 hefur verið auglýst eftir umsóknum í dreifnám í vélvirkjun/vélstjórn.

Ytri kröfur / Jafnlaunakerfi og umhverfisstjórnunarkerfi

- Þróa jafnlauna- og umhverfisstjórnunarkerfi. Kerfin eru samtvinnuð við gæðakerfi skólans og hefur það gengið nokkuð vel. Samt sem áður þarf að tryggja að þau séu virk og þeim viðhaldið. Hér hefur ekkert verið gert á s.l. skólaári og þarf að gefa meiri gaum.
- Efla kynningu jafnlaunakerfis og meta árangur. Jafnlaunakerfið hefur verið kynnt síðustu annir en ekki hefur verið gerð könnun á því og því þarf að framfylgja.
- Auglýsa stöður innan skólans með það fyrir augum að höfða til allra kynja. Þetta hefur verið gert þegar auglýst er eftir starfsfólki.
- Innleiða upplýsingaöryggisstefnu. Innleiðingin hefur ekki verið kláruð að fullu. Þarf að taka þetta upp aftur.
- Leggja ferðavenjukönnun fyrir nemendur og starfsfólk. Það var ekki framkvæmt á s.l. skólaári.
- Sækja skal fundi í fjarfundaformi ef slíkt er í boði. Langflestir fundir eru settir fram með möguleika á fjarfundum og starfsfólk duglegt að sækja þá í gegnum fjarfundabúnað.
- Nýta skal almenningssamgöngur eins og hægt er og velja skal umhverfisvænasta valkostinn ef teknir eru bílaleigubílar. Erfitt reynist að nota almenningssamgöngur enda fer starfsemin fram í litlum bæ. Þegar teknir eru bílaleigubílar leitast þeir sem taka eftir því að taka umhverfisvænasta valkostinn, smærri bíla og rafbíla þegar það hentar.

- A.m.k. 50% starfsfólks hefur gert samgöngusamning. Hlutfallið hefur ekki náðst á þessu skólaári en verður haldið áfram að ýta á þetta og kynna. Var 34,9% á árinu 2025. Þó skal tekið fram að hækkun hefur verið á hlutfalli starfsfólks sem gerir slíkan samning en til samanburðar var hlutfallið um 20% árið 2023 og 26% árið 2024.
- Huga skal að úrgangsmýndun við innkaup, t.d. kaupa ekki óþarfa og endurnýta umbúðir. Þetta er haft í huga við innkaup og umbúðir eru ávallt nýttar aftur.
- Ná skal 80% endurvinnsluhlutfalli sorps. Þetta hefur gengið illa ef miðað er eingöngu við vigtunartölur sorppjónustuaðilans þar sem endurvinnsluhlutfallið var 48,2%. Það var gerð úttekt á þessu innanhúss þar sem hlutfallið náðist. Breyting á sorphirðuaðila gæti skýrt þetta að hluta.
- Aðgæta skal stillingar á ofnum, lækka þegar farið er í frí. Húsvörður sér um eftirfylgni með þessu og til viðbótar var farið í sérstakt átak við að kynna ofnastillingar bæði meðal nemenda og starfsfólks.
- Slökkva skal á ljósum og raftækjum þegar ekki þarf að nota þau. Starfsfólki eru sendar áminningar og það rætt ef þetta hefur gleymst. Einnig eru áminningarmiðar við rofa um að slökkva ljós.
- Fylgjast skal með orkunotkun stærrí notenda og grípa inn í ef notkun er óeðlileg. Fylgst er reglulega með orkunotkun.
- Koma á fræðslu fyrir starfsfólk um umhverfismerkingar. Þetta hefur ekki náðst en græn skref hafa staðið fyrir svona viðburði sem ekki náðist að sækja. Verður vonandi haldið áfram.
- Velja skal umhverfisvænasta kost sem er í boði hverju sinni. Það er mikil meðvitund um að velja umhverfisvæna valkosti og er það haft í huga varðandi alla starfsemi skólans.
- Kynna skal stöðu á grænu bókhaldi og grænum skrefum fyrir starfsfólki a.m.k. einu sinni á ári. Þessu hefur ekki verið framfylgt á s.l. skólaári.

- Koma skal á fræðslu fyrir starfsfólk um flokkun og orkunotkun a.m.k. einu sinni á ári. Yfirlætt á upphafsfundum starfsfólks í byrjun haustanna.
- Halda skal fyrirlestra fyrir nemendur með áherslu á mismunandi umhverfisþætti. Umhverfisnefnd kynnti grænfanann og umhverfisstarf skólans fyrir nemendum á haustönn 2025.
- Gera skal umhverfismál í VA sýnilegri með umfjöllun á vefmiðlum þegar við á. Þess hefur verið gætt að segja vel frá því sem er verið að vinna að hverju sinni, fræðslu sem kemur inn og viðburðum.

Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið

- Kynna skólann á okkar styrkleikum með það fyrir augum að auka aðsókn. Í öllu kynningarstarfi hefur verið stuðst við styrkleikana sem eru tíundaðir hér í skýrslunni. Unnum að kynningarmyndböndum, klipptum til eldri myndbönd og bjuggum m.a. til kynningarefni fyrir hársnyrtibrautina sem hefur fengið að flakka á miðlum skólans og reynum að vera sýnilegri.
- Auka sýnileika skólans í samfélaginu t.d. með námskeiðum. Hér var Fablabið mjög virkt og sýnilegt í samfélaginu s.l. skólaár með opnu húsi og smærri námskeiðum.
- Taka virkan þátt í samstarfi við aðra skóla. Samstarf við aðra skóla hefur verið töluvert, bæði við grunnskólanna og einnig við aðrar menntastofnanir. Austfirsku Ól haldnir í haust með FAS og ME og verður haldið áfram á næsta skólaári. Megnið af starfsfólki fór einnig á starfsþróunardag sem haldin var í RVk í febrúar og er á dagskrá annað hvert ár. VA og FAS skrifuðu undir formlegt samstarf varðandi kennslu í húsasmíði sem fer af stað næsta skólaár. Samlandsskólar skrifuðu undir samkomulag um samvinnu á vorönn 2026.
- Markaðssetja stúdentsbrautirnar enn frekar. Þetta þarf að vinna áfram og hugsa leiðir sem vekja athygli.

Tillögur um umbætur

- Fá grunnskólana í nærsamfélaginu fyrr á kynningarfundum/heimsókn í VA. Skólar úr Múlaþingi komu í heimsókn á haustönn 2025 en hér vantar að huga almennt að því að ná fyrr til grunnskólanema í fjórðungnum.
- Halda áfram virku samstarfi við grunnskóla í nærsamfélaginu. Áfram var haldið með verkefnið *Verklegt val* eins og s.l. ár á haustönn sem gekk vel en betur má ef duga skal í virku samstarfi við grunnskóla sveitarfélagsins og fá sveitarfélagið með í lið.
- Búa til tillögur að nýjum skólasóknareglum og leggja meiri áherslu á mætingakröfur á nemendum. Unnið var að þessu á haustönn 2025 og m.a. haldin nemendafundur í matsal skólans þar sem nemendur komu með tillögur. Nýjar skólasóknareglur voru kynntar í upphafi vorannar 2026.
- Auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Það hefur verið unnið með stofnunum á svæðinu og hafa þær komið m.a. að uppbyggingu smáskipanáms og mikil samvinna er í kortunum í gegnum Fab Lab. Eins hefur samband við stærri fyrirtæki á svæðinu eins og Alcoa verið styrkt með góðu samtali og m.a. samvinnu varðandi auglýsingar í dreifnám í vélvirkjun/vélstjórn.
- Tengja bækur og styrkja starfsemi bókasafns. Bókasafnið var tekið í gegn 2025 og bækur teknar og endurraðað upp á nýtt sú vinna hefur haldið áfram á s.l. skólaári.

Tillögur um auðlindir

- Halda áfram að stuðla að starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum. Starfsfólki stendur ýmislegt til boða bæði innan sem utanlands m.a. í gegnum Erasmus aðild skólans sem mörg hver hafa nýtt sér. Farið var í heimsókn til FAS á haustdögum 2025.
- Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi. Mörg tækifæri hafa verið í boði fyrir kennara og stjórnendur en verður að huga að endurmenntun fyrir annað starfsfólk skólans.

- Gera 40 ára afmæli VA hátt undir höfði og sýnilegt í samfélaginu. Vinna fór af stað við þetta í vetur, skipuð afmælisnefnd og lögð drög að viðburði á haustdögum 2026.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri áætlun sem gerð er fyrir hvert almanaksár þar sem stuðst er við eyðublaðið GÁT-003.

Áfram hefur verið haldið með það fyrirkomulag að auglýsa eftir úttektaraðilum. Í upphafi haustannar 2025 var auglýst eftir úttektaraðilum þar sem um þrjár úttektir á önninni var að ræða; Stjórnun og umsýsla, mat innan skólans og rýni stjórnenda. Einungis einn úttektaraðili sótti um á haustönn, Leifur Már Leifsson og ekki tókst að ljúka þeirri úttekt „stjórnun og umsýsla“ á haustönn svo það var fært yfir á vorönn til nýrra úttektaraðila. Þeir úttektaraðilar sem sóttu um störfín á vorönn voru þau Andri Snær Þorsteinsson og Guðný Björg Guðlaugsdóttir. Á vorönn 2026 voru teknir út þættirnir stjórnun og umsýsla, og mat innan skólans.

Athugasemdir úr þessum tveimur rýniþáttum voru alls 31 talsins sem fram komu á frávika- og úrbótaskýrslum (GÁT-005). Aðstoðarskólameistari hefur yfirumsjón með því að ráðist verði í þær umbætur sem þarf að ráðast í en þær umbætur sem þurfti að ráðast í eftir úttekt skólaársins voru m.a.:

- Taka út texta úr verklagsreglum sem áttu ekki lengur við.
- Uppfæra tilvísanir í skjölum.
- Lagfæra stafsetningu og orðalag.
- Uppfæra verklagsreglur með tilliti til þess verklags sem er viðhaft.
- Skerpa á verklaginu þar sem er ekki verið að vinna eftir því.

Undanfarnar annir hefur verið auglýst eftir úttektaraðilum í innri úttektir í upphafi bæði haust- og vorannar. Það hefur gengið misvel og í haust var ákveðið á gæðaráðsfundi að þrískipta árinu þannig að auglýst væri eftir úttektaraðilum oftast yfir árið þannig að á hverjum tímamarki væri alltaf einhver úttekt í gangi af þessum 9 þáttum sem rýna þarf á 12 mánaða

fresti, eða amk einu sinni á ári. Áfram þarf að huga að því hvernig ná skal betri virkni innnanhúss í þessar úttektir.

Endurgjöf frá viðskiptavinum

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um framgang og stöðu í sínum áföngum og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Áfangamatið er framkvæmt í gegnum Innu og er framkvæmdin í höndum gæðastjóra. Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu og stuðst við þær í starfsmannasamtali. Gæðaráð fór sem áður yfir heildar niðurstöður áfangamats bæði á haustönn og vorönn en auk þess voru helstu niðurstöður áfangamats kynntar öllu starfsfólki á fundi í annarlok. Niðurstöður úr áfangamati hveurrar annar má einnig finna í áfangamatsskýrslum á heimasíðu skólans. Nú í vor var í fyrsta sinn spurt út í athugasemdir á vörðum, þ.e. hvort nemandinn lesi þær athugasemdir sem honum berast á vörðum þrisvar sinnum á önn. Einnig fylgdi þeirri spurningu opin svarmöguleiki til að koma athugasemdum á framfæri varðandi vörðurnar.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 18 – 24 mánaða fresti. Því getur þurft samanlagt fjórar annir til að fá meðaltal fyrir alla kennda áfanga í VA.

Áfangamatið fer fram í gegnum INNU þar sem allir áfangar eru settir í mat. Líkt og s.l. skólaár voru tvær útgáfur af áfangamatinu: áfangamat fyrir dagskóla og áfangamat fyrir fjar- og dreifnema.


Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2025

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði að morgni 21. október en lokað var fyrir það þann 5. nóvember. Líkt og undanfarnar annir var haldinn sérstakur áfangamatstími í dagskólanum þar sem nemendur tóku áfangamatið í fyrstu vinnustofu dagsins þann 21.

október og voru kennarar upplýstir um það í tölvupósti. Í framhaldinu hófst eftirfylgni á svörun áfangamats á göngum skólans og með áminningum í tölvupósti og á samfélagsmiðlum VA. Svarhlutfall var 74,7% í dagskóla og 34,2% í fjarnámi/dreifnámi en miðað er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar. Til samanburðar var svarhlutfallið 71% í dagskóla á vorönn 2025 og 30% í fjar- og dreifnámi.

Aftur var farin sama leið og síðustu annir að hafa sérstaka spurningu þar sem spurt var út í viðhorf dagsskólanemenda til vinnustofukerfisins sem hefur verið í þróun síðustu annir og ætti nú að fara að sjást góður samanburður á milli ára.

Á mynd 1 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati í dagskóla síðustu annir.



Mynd 1: Svarhlutfall áfangamats í dagskóla eftir önnum.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2026

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði að morgni 12. mars en lokað var fyrir það þann 27. mars. Líkt og undanfarnar annir var haldinn sérstakur áfangamatstími í dagskólanum þar sem nemendur tóku áfangamatið í fyrstu vinnustofu dagsins þann 12. mars og voru kennarar upplýstir um það í tölvupósti. Í framhaldinu hófst eftirfylgni á svörun áfangamats. Áfangamatið var lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi, dagskóli og fjarnám/dreifnám. Svarhlutfall var 75,6% í dagskóla og 28,2% í fjarnámi/dreifnámi en miðað

er við að ná að lágmarki 70% svarhlutfalli til að niðurstöður teljist marktækar. Til samanburðar var svarhlutfallið 74% í dagskóla á haustönn 2025 og 34% í fjar- og dreifnámi.

Fyrsta spurningin í áfangamatinu snýr að viðhorfi nemenda í dagsskóla til vinnustofukerfisins sem hefur verið í þróun síðustu ár og ætti nú að vera komin ágætur samanburður á þar sem spurt hefur verið út í viðhorf nemenda til vinnustofukerfisins síðustu 4 ár þó kerfið hafi tekið örlitlum breytingum á fyrstu önnum þess.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu og er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð/ánægður/ánægt með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á *Mynd 2* og *Mynd 3* þá hefur gæðamarkmið ekki náðst fyrir mælikvarðana.



Mynd 2: Niðurstöður áfangamats frá 2018 – 2026 á ánægju með kennslu í áföngum



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats frá 2018 – 2026 aðstöðu til náms og kennslubúnaðar í áföngum

Til að vísa á frekari niðurstöður úr áfangamati er bent á skýrsluna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Svarhlutfall haustanna hefur yfirleitt verið betra en hlutfall vorannar.


Skólapúlsinn 2025-2026

Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðinn sem notaður er, er Skólapúlsinn sem er lagður fyrir árlega og hefur síðustu þrjú ár verið lagður fyrir á vorönn. Úr Skólapúlsinum eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Ekki gafst færi á að leggja skólapúlsinn fyrir nemendur á vorönn 2026 og er áætlað að næsta fyrirlögn verði á nemendum skólans í október 2026. Því verða engar niðurstöður fyrir skólaárið settar með í þessa skýrslu en síðasti skólapúls var lagður fyrir á vordögum 2025 og má finna niðurstöður úr þeirri skýrslu á heimasíðu skólans.

Stofnun ársins 2025

Stofnun ársins er könnun sem lögð er fyrir á hverju ári meðal starfsfólks skólans. Tveir mælikvarðar í gæðamarkmiðunum er mældir með þeirri könnun. Annars vegar er það markmiðið að starfsfólk sé ánægt í starfi sínu í VA og hins vegar að skapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði. Mælikvarðinn er að niðurstöður VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni. Þar eru nýttir tveir þættir, annars vegar *Vinnuskilyrði* og hins vegar *Ánægja og stolt*. Þess má geta í skýrslu þessari að skólinn lenti í þetta skiptið í 4. sæti yfir allar ríkisstofnanir landsins og hlaut jafnframt titilinn fyrirmyndastofnun 2025.

Á *Mynd 10* má sjá hvernig mælingin kemur út varðandi báða mælikvarðana.



Mynd 10: Stofnun ársins 2025, samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki.

Ljóst er að markmiðið næst þegar horft er til beggja þátta. Þegar kemur að vinnuskilyrðum er einkunnin 4,67 eða 0,56 yfir meðaltali framhalds- og háskóla. Í ánægju og stolti er niðurstaðan 4,88 sem er 0,45 yfir meðaltalinu.


Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.	Áfangamat: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.	75% 75%	Október 2025 Mars 2026	≥ 80% svari frekar sammála eða mjög sammála.
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi.	76% 73%	Október 2025 Mars 2026	≥ 80% svari frekar sammála og mjög sammála.
Að nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu.	Skólapúlsinn*: Samsömun við nemendahópinn		*Næsta fyrirlögn í okt 2026	4,5

Að starfsfólk sé ánægt í starfi sínu í VA.	Stofnun ársins: Ánægja og stolt	+0,45		<i>Að niðurstöður VA séu yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt Stofnun ársins.</i>
Að skapa starfsemi eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.	Vinnuskilyrði	+0,56		

Mat á vinnustofukerfi

Nú hefur vinnustofukerfið í núverandi mynd verið notað síðastliðin 4 ár. Vinnustofukerfið er þannig uppbyggt að vinnustofur eru settar upp þannig að t.d. 5 eininga áfangi á að sinna um 40 mínútuna kennslu 6x í viku en kennurum er í frjálst vald sett að ákvarða uppbyggingu áfangatíma til móts við vinnustofu. Sem dæmi um það má nefna að ef kennari ákveður að hafa 4 áfangatíma í viku, er hann með 2 vinnustofur í sama áfanga á móti og svo frv. Mat hefur verið lagt á vinnustofukerfið s.l. ár og lögð fyrir spurningakönnun bæði meðal nemenda og kennara. Aðeins hefur verið hringlað með fyrirkomulag á stofum, á núverandi skólaári voru til dæmis vinnustofur í matsal skólans þar sem 2 kennarar voru samtímis.

Á mynd 11 má sjá niðurstöðu úr spurningunni „hvernig finnst þér vinnustofukerfið nýtast í áfanganum“ meðal nemenda í dagsskóla á haustönn 2025 en við þeirri spurningu voru 589 svör þar sem nemendur meta hvern áfanga fyrir sig í áfangamati haustannar en líkt og svör þeirra gefa til kynna eru 64% sem telja vinnustofukerfið nýtast vel eða mjög vel í sínum áföngum. Á vorönn 2026 svöruðu 621 dagskólanemendur spurningunni og voru þar 59% sem töldu vinnustofukerfið nýtast vel eða mjög vel.




Mynd 11: Hvernig finnst þér vinnustofukerfið nýttast í áfanganum. Dagskólanemendur – haust 2025 og vor 2026.

Könnun á verknámsvali

Á haustönninni var haldið áfram með verkefnið *Verklegt val* þar sem nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla Fjarðabyggðar völdu sér verkgreinar í VA. Völdu nemendur tvær greinar sem þeir vildu helst og fengu allir nemendur þær greinar sem þeir vildu helst. Nemendur komu síðan í skólann á fimmtudögum yfir átta vikna tímabil. Í þetta sinn, líkt og á síðasta skólaári var haldið áfram að láta nemendur hefja leik á einni grein og taka fjórar kennslustundir á dag í fjórar vikur og síðan var skipt í seinni greinina. Var ætlunin að þannig fengist meira út úr tímanum og nemendur gætu gert meira. Þegar 10. bekkur hafði lokið við sínar átta vikur tóku nemendur í 9. bekk við og kláraðist það í vikunni fyrir jóla. Þegar hóparnir höfðu lokið sinni veru var send könnun á nemendur í báðum bekkjum þar sem spurt var út í verkefnið. Ein spurninganna var hvort nemendur væru ánægðir með verknámsvalið. Eins og sjá má á *Mynd 13* og *Mynd 14* voru 87,5% svarenda úr 10. bekk mjög ánægð eða frekar ánægð og 95,8% 9. bekkinga.

Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?


32 svör



Mynd 13. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 10. Bekkur

Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

24 svör



Mynd 14. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. Bekkur

Um niðurstöðurnar í heild má lesa í sérstakri skýrslu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans va.is.

Frammistaða ferla og samræmi vöru

Yfirferð á skjölum

Þann 6. apríl 2021 tilkynnti vottunarstofan iCert að gæðakerfi skólans uppfyllti þau skilyrði sem til þyrfti og hlaut kerfið þannig vottun. Vottunin gildi til þriggja ára en í desember 2024 var nýr vottunarhringur staðfestur og hlaut skólinn áframhaldandi vottun til næstu þriggja ára sem gildir fram í desember 2027.

Mætingar, meðaleinkunn, fallprósenta og brottfall

Samkvæmt gæðamarkmiðum skólans skulu mætingar nemenda í dagskóla vera yfir 90%. Eins og nefnt hefur verið að framan er kerfið þannig að það samanstendur af hefðbundnum áfangatímum og vinnustofum. Þegar haustönn 2025 er skoðuð kemur í ljós að mætingar í áfangatíma voru 88,3% sem er undir gæðamarkmiðinu. Raunmæting í áfangatíma var 72%. Þegar mæting í vinnustofur var skoðuð sérstaklega sést að hún var 75% sem er töluvert lengra undir markmiðinu og raunmæting í vinnstofu 66%.

Á vorönn 2026 var mæting í áfangatíma 90,6% sem þýðir að gæðamarkmið næst en raunmæting í áfangatíma 83,6%. Mæting í vinnustofur 76,3% og raunmæting í vinnustofur 65%.

Gæðamarkmið skólans varðandi meðaleinkunn er að meðaleinkunn sé 6 eða hærrí þegar tekið er til allra áfanga. Á haustönn var meðaleinkunn 7,09 og því ljóst að gæðamarkmið náðist. Á vorönn var meðaleinkunn 7,18 og því ljóst að gæðamarkmið náðist.

Fallprósenta var 19,5% á haustönn sem þýðir að gæðamarkmiði er ekki náð en það er að vera undir 17% en á vorönn var fallprósentan töluvert lægri eða 14,3% og næst gæðamarkmiðið á vorönn.

Brottfall var 1,8% á haustönninni samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hefur verið innan skólans en hún felst í því að skrá þá sem hverfa frá námi í okkar skóla. Markmiðið er að vera undir 3% og því ljóst að markmið næst fyrir haustönnina. Það sama má segja um brottfallstölur á vorönn sem voru 1,7%.

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur náí sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.	Meðaleinkunn (allir áfangar)	7,09	Desember 2025	≥ 6
		7,18	Mái 2026	
	Fallprósenta (allir áfangar)	19,5%	Desember 2025	≤ 17%
		14,3%	Mái 2026	
Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.	Mætingar %	88,3%	Desember 2025	90%
		90,6%	Mái 2026	
	Brottfall %	1,8%	Desember 2025	≤ 3%
		1,7%	Mái 2026	

Ábendingar, kvartanir, frábrigði

Ekki náðist að skrá formlega aðrar ábendingar, kvartanir og frábrigði á önninni en fjallað er um hér í skýrslunni undir öðrum þáttum.

Á heimasíðu skólans er ábendingarhnappur sem lítið er notaður. Ýmsar ábendingar koma fram í tölvupóstinu en fyrir næsta skólaár þarf að hugleiða hvaða stefnu skal taka í þessum málum þannig að þetta sé í góðu ferli.

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Allir áfangar eiga að útskrifast og er það almenna reglan sem fylgt er eftir með ýmsum vörðum á hverri önn fyrir sig allt frá því að kennsluáætlun er búin til og þar til áfangaskýrslu er skilað í lok annar. Eitt og annað getur þó komið upp á í skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2025 var hlutfall útskrifaðra áfanga 89%.

Á vorönn 2026 var hlutfall útskrifaðra áfanga 71,4%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Kennsluáætlunum skal skilað til aðstoðarskólameistara, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af bæði kennara og aðstoðarskólameistara inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats-, lokaverkefni- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til aðstoðarskólameistara:

- Haustönn 2025 – 100%
- Vorönn 2026 – 100%

Framvindumat

Framvindumat skal framvæma einu sinni á hvorri önn. Á haustönn var farið yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga milli 15. – 17. Október en þá hittir aðstoðarskólameistari alla kennara en það fyrirkomulag breyttist á s.l. skólaári 2023-2024 en fram að því var framvindumat í höndum deildarstjóra hvernar deildar. Niðurstöður framvindumats haustannar voru teknar fyrir á fundi gæðaráðs þann og þeim í framhaldi vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var talin á. Alls voru 22 athugasemdir á haustönn. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu *Framvindumat haust 2025*. Allir kenndir áfangar eiga að fara í gegnum framvindumat. Einhverjar undanþágur voru á framvindumatsviðtali, en kennari staðfesti þá í tölvupósti að allt væri með felldu og/eða eins ef um einhverjar sérstakar athugasemdir var að ræða sem átti ekki við í neinum áfanga á haustönn. Á vorönn 2026 fóru framvinduviðtöl fram dagana 4.-5. Mars en þar voru skjalaðar 20 athugasemdir sem vísað var á viðeigandi aðila í framhaldi af gæðaráðsfundi. Að loknu framvindumati og niðurstöðum úr áfangamati fóru kennarar í starfsmannaviðtal með skólameistara.

Áfangaskýrslur

Í lok hvernar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á *GÁT-018* sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru 15 athugasemdir færðar þangað úr áfangaskýrslum skólaársins 2025/2026.

Þær athugasemdir sem voru skráðar eru teknar fyrir meðal viðeigandi stjórnanda til úrvinnslu. Er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra vistað í rafrænni málaskrá skólans undir heitinu

Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. haustönn 2024 og Ábendingar, frávik, kvartanir o.fl. vorönn 2025.

Skil á áfangaskýrslum voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2025 – 100%
- Vorönn 2026 – 99,1%

Einkunnalistar

Einkunnalístum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalístum voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2025 – 100%
- Vorönn 2026 – 100%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanga, lokaverkefnisáfanga eða símatsáfanga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanga er að ræða. Áfangastjóri og deildarstjóri eða samkennari rýnir lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2025 – 95%
- Vorönn 2026 – 71,4%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga vel. Lögð hefur verið áhersla á að kennarar nýti sér það að skrifa í athugasemdir við áfangaskýrslur ef eitthvað er og verður því haldið áfram á n.k. skólaári. Hjá allflestum er undirskrift ofangreindra skjala komið í ágætis

rútínu en þó vantar upp á að setja stundakennara og nýja kennara betur inn í málin og fylgja því eftir að þeir skili sínum gögnum, þar þarf gæðastjóri að veita betra aðhald.

Staða forvarna og úrbóta

Hvað er búið að gera á árinu:

- Keyptir 33 stólar í stofu 2
- 5 nýjir laserskjávarpar
- Ljósritunarvél
- Hjartastuðtæki sem staðsett er í verknámshúsi
- 3 nýjar fartölvur
- 2 stólar og borð í viðtalsherbergi skólahjúkrunarfræðings
- 2 hefilbekkir í trédeild
- Fræsiborð og handfræsasarar í trédeild
- 3 vaskastólar, 4 hjálparstólar í hárdeild
- Nemendasett í segulliðastýringar í rafdeild
- 3 borðtölvur, 10 fartölvur í Fablab
- Útsaumsvél og þrívíddaprentari í Fablab
- 75“ gagnvirkur kennsluskjár í stofu 2
- Skólasóknarreglur teknar fyrir á skólafundi á haustönn 2025 og kynntar í framhaldinu í upphafi vorannar 2026.
- Unnið í faglegu starfi á mánaðarlegum fundum kennarara bæði á haustönn 2025 og á vorönn 2026.

- Haust: Samræming/vinnubrögð, gervigreind og öryggismál undir handleiðslu deildastjóra.
- Vor: starfsbraut, tæknidagsundirbúningur og endurskoðun á námsmatsreglum.
- Gæðastefnan endurskrifuð á vorönn og samþykkt af gæðaráði. Gæðastefnuna má finna á heimasíðu skólans. Einfölduð, komið einkunnarorðunum fyrir og fl.
- Kennsluáætlun H25, sérstök áhersla lögð á við kennara að hafa lykilmatsþætti vel merkt í kennsluáætlunum þar sem endurtekt er í boði þar sem við á um slíka matsþætti.

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Eins og sjá má voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista og mörgum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram að upphafi næsta skólaárs og enn önnur eru langtímaverkefni sem verða líklega alltaf á aðgerðalista. Gæðastjóri mun sjá um eftirfylgni með aðgerðalistanum.

Jafnlaunakerfið


Markmið jafnlaunakerfis og launagreiningar

Skólinn hlaut jafnlaunavottun á kerfi sitt á vordögum 2020 til þriggja ára. Viðhaldsúttektir fóru fram 2021 og 2022 og síðan endurúttekt þann 14. febrúar 2023. Í kjölfar hennar hlaut skólinn endurvottun til þriggja ára. Hér fyrir neðan má sjá *Mynd 15* af ferli jafnlaunakerfis skólans.

Sett hafa verið markmið fyrir jafnlaunakerfið. Þau eru hluti af gæðamarkmiðunum og eru eftirfarandi:

- Vinna gegn óútskýrðum launamun

- Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismunur
- Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni
- Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum



Mynd 15. Ferill jafnlaunakerfisins VA.

Til þess að mæla efstu tvo liðina eru framkvæmdar launagreiningar tvisvar á ári, undir lok hvorrar annar fyrir sig. Launagreining er unnin samkvæmt VKL-219 og eru gögn framkölluð af fjármálastjóra úr forritinu Emblu. Helstu niðurstöður fyrir haustönn 2025 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna töluverður (10,65%) konum í vil. Þegar launin eru ekki uppreiknuð snýst dæmið hins vegar við og er munurinn 1,46% körlum í vil. Það helgast af því að konur eru frekar í hlutastörfum en karlar þótt það hafi breyst töluvert frá fyrstu greiningum.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 1,32% konum í vil en þegar störfín eru ekki uppreiknuð er munurinn 8,89% körlum í vil.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn 13,32% körlum í vil.

Helstu niðurstöður fyrir vorönn 2026 eru þær að þegar kemur að uppreiknuðum dagvinnulaunum er munur á launum kynjanna nokkur (10,59%) konum í vil. Þegar launin eru ekki uppreiknuð er munurinn 2,68% konum í vil. Til samanburðar var þessi tala 33,4% körlum í vil fyrir haustönn 2019 við fyrstu launagreiningu sem gerð var.

Þegar kemur að því að skoða heildarlaun uppreiknuð má sjá að munurinn er 3,62% körlum í vil og þegar störfín eru ekki uppreiknuð er munurinn 11,02% körlum í vil.

Þegar yfirvinna er skoðuð einungis er munurinn 55,26% körlum í vil.

Allar tölur eru óleiðréttar, þ.e. það er ekki búið að leiðrétta fyrir ákveðnum þáttum. Það er gert með sérstakri frávikagreiningu þar sem hvert tilvik er skoðað og fundið á þeim skýringar. Skýringar eru við öll frávik.

Innri úttektir jafnlaunakerfis

Í ársbyrjun 2024 var gerð úttekt á þeim verklagsreglum sem snúa að jafnlaunakerfinu og eru þær teknar út a.m.k. einu sinni á ári samkvæmt áætlun um innri úttektir.


Niðurstöður markmiða

Markmið	Aðgerð	Staða	Staða tekin	Mælanlegt markmið
Vinna gegn óútskýrðum launamun	Launagreiningar tvisvar á ári.	-10,65% -10,59%	16.1.2026 5.6.2026	≤ 3% óútskýrður launamunur
Viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara, þ.m.t. úthlutun yfirvinnu, skulu ekki fela í sér kynjamismunun	Innri úttektir Launagreiningar tvisvar á ári.	13,32% 55,26%	16.1.2026 5.6.2026	≤ 3% óútskýrður launamunur ≤ 3% óútskýrður munur kynjanna þegar kemur að úthlutun yfirvinnu
Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er	Könnun á meðal starfsmanna		Ekki gert	≥ 90% svari mjög vel eða vel

innleitt og því viðhaldið í stofnuninni	<ul style="list-style-type: none"> Hversu vel ert þú upplýst/ur um jafnlaunakerfið og viðhald þess? 			
Jafna skal hlutfall kynja í stjórnendastörfum	Staðan tekin í lok hvers skólaárs.		5 kvk-3 kk	Jöfn kynjahlutfall í stjórnunarstöðum

Umhverfisstjórnun

Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri hefur verið í innleiðingu síðastliðin skólaár. Hluti af því er að ráðast í ýmsar aðgerðir á sviði umhverfismála með það fyrir augum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Meðal þess sem hefur verið gert er að setja umhverfisstefnu, setja markmið og skrá Grænt bókhald árlega en það er gert fyrir 1. apríl fyrir árið á undan. Á *Mynd 16* má sjá samanburð á niðurstöðum úr Grænu bókhaldi fyrir árin 2020 til 2025.



Mynd 16. Grænt bókhald fyrir árin 2020-2025.

Líkt og sjá má hefur heildarlosun gróðurhúsalofttegunda dregist heilmikið saman frá s.l. 4 árum en þar ber helst að nefna að losun vegna flugferða hefur minnkað, e.t.v. þó nokkuð vegna innanlandsflugferða og funda innanlands sem reynt er að sækja alla jafna í gegnum fjarfundabúnað meðal stjórnenda. Töluverður losunarliður er vegna rafmagns sem einnig er notað til húshitunar. Í aðgerðaáætlun hafa verið sett markmið til þess að draga úr losun og eru þau rýnd á rýnifundi stjórnenda og eru nú í fimmta skipti hluti af aðgerðaáætlun stjórnenda að loknum fundi.

Breytingar í rekstri VA sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

Að halda virkum vottunum.

Það er nemendafæð á upptökusvæði skólans, t.d. næsta skólaár er mjög lítill árgangur að koma úr Fjarðabyggð svo dæmi sé tekið. Skapar óstöðugleika að hafa sveiflu í nemendafjölda vegna ólíkra áfangastærða. Dregur úr stöðugleika í námsframboði sem aftur veldur því að trú á skólann minnkar sem getur skilað sér í færri umsóknum.

Umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu sem hafa verið þróaðar síðustu ár með fjölbreyttum námstækifærum fyrir kennara, m.a. með námskeiði í leiðsagnarnámi og Erasmus samstarfi. Örnámskeið verið sett inn á fundi kennara yfir skólaárið og þarf að gera að markvissara ferli.

Áframhaldandi fjölgun í iðn- og starfsnámi.

Bygging á nýju húsnæði fyrir tréiðndeild.

Óvissa varðandi fjármögnun skólans á milli ára. Ársnemendatala er 230.

Það vantar fleiri nemendur í nám á stúdentsbrautum.

Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Til þess að taka þetta saman á skýrari hátt var ráðist í að greina sterkar og veikar hliðar skólans. Sú vinna hófst á rýnifundi stjórnenda eftir vorönn 2020 og er það endurskoðað á hverjum rýnifundi stjórnenda.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnanir	Tækifæri
Smæð skólans	Óöryggi í rekstri	Sveiflur í nemendafjölda	Ná í fleiri nemendum
Utanhald með nemendum	Hafa ekki skapast sterkar hefðir í félagslífi	Samkeppni um nemendur og starfsfólk	Samvinna við aðra skóla
Fjölbreytt námsframboð	Ekki tekist að virkja foreldra nægilega inn í skólastarfið	Fjárheimildir	Samvinna við fyrirtæki
Skýrir verkferlar í kringum nám og kennslu	Loftgæði eru ekki nægilega góð	Nýting á heimavist	Samvinna við sveitarfélagið
Stuttar boðleiðir	Fámennir námshópar	Lítið um að vera í samfélaginu fyrir unglunga á framhaldsskólaaldri	Kynningar á skólanum
Góð heimavist og persónuleg eftirfylgni með vistarbúum	Erfitt getur reynst að halda úti námsframboðinu	Aukin ofbeldismenning og fordómar gagnvart minnihlutahópum	Skapa fjölbreyttari möguleika þegar kemur að náminu
Markvisst innra mat	Samstarf framhaldsskóla gæti verið meira og formfastara		Koma upp fleiri styttri námskeiðum í takt við þarfir samfélagsins
Mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk í erlendu samstarfi	Fámennir áfangar, sérstaklega í lokaáföngum á stúdentsbrautum		Þróa námið í takt við tækiframfarir í heiminum
Persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks	Almenningssamgöngur sem henta félagslífinu ekki vel		Virkja foreldrafélag/samstarf
Starfsánægja			
Vel menntað starfsfólk			
Starfsaðstaða er góð			
Sveigjanleiki í vinnu			
Stuðningur við endurmenntun starfsfólks			
Fab Lab í húsnæði skólans			
Tæknidagur fjölskyldunnar			
Fámennir námshópar			
Fjölbreyttur nemendahópur			

Góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir í nærsamfélaginu			
Góð tengsl við yfirvöld í sveitarfélaginu			
Heilsueflandi framhaldsskóli			
Upplýsingaflæði innan og utan stofnunar			
Umhverfisstarf			
Skólinn hefur innleitt virkt jafnlauna- og gæðakerfi og hlotið gæða- og jafnlaunavottun ásamt því að ljúka fimm grænum skrefum			
Sterk og sanngjörn stjórnun			
Upplýsingatæknikunnátta starfsfólks			
Mötuneytis-/kaffiaðstaða			

Tillögur um umbætur

Áframhaldandi þróun gæðakerfisins. Færum kerfið yfir í Gopro frá og með hausti 2026 og verður í framhaldinu vonandi aðgengilegra fyrir starfsfólk.

Tryggja að rýni námsmatsþátta eigi sér stað áður en viðkomandi þáttur er lagður fyrir.

Móttaka nýnema. Hugsa upp á nýtt fyrirkomulag þegar nýjir nemendur koma inn. T.d. taka bara fyrstu 2 skóladagana í að fylgja nýnemum eftir með ákveðnu prógrammi. Þar sem farið er yfir allt á fyrstu 2 dögum.

Foreldrar nýnema, endurhugsa fund sem haldin hefur verið s.l. ár með misjöfnum árangri. Reynum að fá þau inn til að gera eitthvað (t.d. prófi Moodle, ræða foreldrastarf ofl.)

Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald.

Halda áfram að leita allra leiða til að bæta upplýsingaflæði til nemenda og forráðamanna varðandi gengi í náminu.

Vinna markvissar í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt.

Efla formlegt samstarf kennara með því að bæta virku innliti í kennslu hjá hvort öðru.

Halda áfram að vinna með rýnihópafundi með nemendum þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni og/eða skólafundi þar sem allir hittast í matsalnum.

Halda áfram að efla starfsfólk í því að tileinka sér fjölbreyttar leiðir til að koma til móts við nemendur.

Halda áfram að byggja ofan á samstarf við sveitarfélagið.

Efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, t.d. í tengslum við Fab Lab eða námskeiðahald.

Efla kynningastarf.

Efla samvinnu við aðra skóla.

Stuðla að jákvæðri ímynd skólans.

Vera í takt við tímann og samfélagið.

Koma starfsmannasamtölum í fastar skorður.

Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur.

Tæknidagur þarfnast endurskoðunar.

Boðskort til nemenda í Fjarðabyggð á vorönn 2027.

Viðhalda skólaheimsóknum fyrir starfsfólk.

Lykilmatsþættir í kennsluáætlunum.

Ábendinga- og húsvarðarkerfi.

Áfangamatsspurningar – greina betur ánægju með kennslu og aðstöðuna.

Tillögur um auðlindir

Nýta betur aðstöðu fyrir formlegt og óformlegt félagslíf nemenda.

Mikilvægt að viðhalda starfsánægju.

Smæðin skapar gott utanumhald með nemendum. Kynna skólann á okkar styrkleikum.

Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu.

Halda áfram að ýta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild.

Mikilvægt að til séu hæfir kennarar í allar greinar.

Auka utanumhald varðandi óvirka nemendur.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA 2026-2027			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Eftirfylgni með innri úttektum/eftiráúttektir	Aðstoðarskólameistari /úttektaraðilar	Júní 2027
	Taka út verklagsreglur samkvæmt skipulagi	Aðstoðarskólameistari	Júní 2027
	Halda áfram að þróa ferlið við innri úttektir	Aðstoðarskólameistari /úttektaraðilar	Júní 2027
	Innri úttektum skipt upp eftir tímabilum, amk 3x á ári	Aðstoðarskólameistari	Júní 2027
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Halda vel utan um þátttöku nemenda í áfangamati. Halda áfangamatsfíma og hafa umbun til þess að auka hlutfall þátttakenda	Stjórnendur	Júní 2027
	Koma upp endurmenntunaráætlun	Skólameistari	Desember 2026
	Vera með rýnihópa- og skólafundi þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni. Á næsta skólaári gervigreind/ánægja með kennslu	Aðstoðarskólameistari	Mars 2027
	Leggja könnun fyrir nemendur í verkefninu Verklegt val í VA	Skólameistari/Aðstoðarskólameistari	Desember 2026
	Leggja Skólapulsið fyrir nemendur	Aðstoðarskólameistari	Október 2026
	Efla foreldrafélag	Skólameistari	Júní 2027
	Leita leiða til þess að bæta ánægju með kennsluna og greina betur viðhorf til aðstöðunnar	Aðstoðarskólameistari	Júní 2027

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÓRNENDA 2026-2027			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Halda áfram að þróa námskeið fyrir nýtt starfsfólk þar sem farið er yfir helstu atriði sem þarf að kunna skil á við upphaf starfs. Styðjast við gálista um móttöku starfsfólks. Koma þarf gátlistanum í gagnvirkara form.	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari	Desember 2026
	Kynna gæðakerfið fyrir öllu starfsfólki og útbúa kerfið í Go pro	Aðstoðarskólameistari	Febrúar 2027
	Tryggja að kennarar sem koma í aðkeypta kennslu séu vel upplýstir um gæðakerfið og ábyrgð þeirra innan þess. Boða á fundi t.d. rafrænt í upphafi kennslu	Aðstoðarskólameistari/Skóla meistari	Júní 2027
	Tryggja rýni á námsmatsþáttum og skil á gátlistanum Gerð námsmatsþátta áður en þátturinn er lagður fyrir.	Aðstoðarskólameistari	Júní 2027
	Þróa hlutverk leiðsagnarkennara og styðjast við gátlista þar um.	Stjórnendur	Ágúst 2026
5	Úrbætur		
	Halda áfram reglulegum deildar- og deildarstjóra fundum og sjá til þess að niðurstöður þeirra séu skjalaðar	Skólameistari/Aðstoðarskóla meistari/deildarstjórar	Júní 2027
	Vinna með gildi skólans í starfinu. Samvinna – Þekking - Árangur.	Stjórnendur	Júní 2027
	Halda áfram að þróa ferli varðandi skráningar á frávikum.	Stjórnendur	Júní 2027
	Þróa ferli varðandi athugasemdir og skráningar til húsvarðar	Stjórnendur	Desember 2026
	Skerpa á ferlum um innkaup og viðhald.	Skólameistari/Fjármála- og skrifstofustjóri	Des 2026
	Vinna markvissar í því að efla félagslíf, bæði formlegt og óformlegt.	Stjórnendur/Félagslífsfulltrúi	Des 2026
	Efla formlegt samstarf kennara með því að bæta virku innliti í kennslu hjá hvort öðru.	Stjórnendur	Janúar 2027
	Auka utnumhald varðandi óvirka nemendur.	Nemendapjónusta	Júní 2027
	Halda áfram að ýta á byggingu nýs húsnæðis fyrir tréiðndeild.	Skólameistari	Júní 2028
	Koma skjölum yfir í nýtt skjala- og gæðakerfi hjá Gopro. Huga að kerfi fyrir ábendingar.	Stjórnendur/Kerfisstjóri	Júní 2027
	Halda áfram að þróa nám og kennslu í takt við nútímann og eftirspurn í samfélaginu.	Stjórnendur	Júní 2027

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÓRNENDA 2026-2027			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
6	Ytri kröfur (þ.m.t. umhverfisstjórnunarkerfi)		
	Þróa umhverfisstjórnunarkerfi	Stjórnendur	Júní 2027
	Auglýsa stöður innan skólans með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja	Skólameistari	Júní 2027
	Innleiða upplýsingaöryggisstefnu	Persónuverndarteymi	Júní 2027
	Leggja ferðavenjukönnun fyrir nemendur og starfsfólk	Stjórnendur	Des 2026
	Sækja skal fundi í fjarfundaformi ef slíkt er í boði	Starfsfólk	Júní 2027
	Nýta skal almenningssamgöngur eins og hægt er, og velja skal umhverfisvænasta valkostinn ef teknir eru bílaleigubílar	Starfsfólk	Júní 2027
	A.m.k. 50% starfsfólk skal hafa gert samgöngusamning	Skólameistari	Des 2026
	Huga skal að úrgangsmýndun við innkaup, t.d. kaupa ekki óþarfa og endurnýta umbúðir	Innkaupendur	Júní 2027
	Ná skal 80% endurvinnsluhlutfalli sorps	Umhverfisnefnd	Des 2026
	Aðgæta skal stillingar á ofnum, lækka þegar farið er í frí	Húsvörður	Júní 2027
	Slökkva skal á ljósum og raftækjum þegar ekki þarf að nota þau	Starfsfólk	Júní 2027
	Fylgjast skal með orkunotkun stærri notanda og grípa inn í ef notkun er óeðlileg	Skólameistari	Des 2026
	Koma á fræðslu fyrir starfsfólk um umhverfismerkingar	Umhverfisnefnd	Des 2026
	Velja skal umhverfisvænasta kost sem er í boði hverju sinni	Stjórnendur	Júní 2027
	Kynna skal stöðu á grænu bókhaldi og grænum skrefum fyrir starfsfólki a.m.k. einu sinni á ári	Stjórnendur	Júní 2027
	Koma skal á fræðslu fyrir starfsfólk um flokkun og orkunotkun a.m.k. einu sinni á ári	Umhverfisnefnd	Des 2026
	Halda skal fyrirlestra fyrir nemendur með áherslu á mismunandi umhverfisþætti	Umhverfisnefnd	Des 2026
	Gera skal umhverfismál í VA sýnilegri með umfjöllun á vefmiðlum skólans þegar við á	Aðstoðarskólameistari	Júní 2027
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Kynna skólann á okkar styrkleikum með það fyrir augum að auka aðsókn	Stjórnendur	Júní 2027
	Taka virkan þátt í samstarfi við aðra skóla	Stjórnendur	Júní 2027
	Markaðssetja skólann - kynningarmyndbönd	Stjórnendur	Nóvember 2026
	Markaðssetja stúdentsbrautirnar enn frekar - kynningarmyndbönd	Stjórnendur	Nóvember 2026
8	Tillögur um umbætur		
	Móttaka nýnema	Stjórnendur	Ágúst 2026

AÐGERÐALISTI VEGNA RYNI STJÖRNENDA 2026-2027			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Huga að námskeiði og samtali við forsjáraðila	Stjórnendur	Ágúst 2026
	Halda áfram virku samstarfi við grunnskóla í nærsamfélaginu	Stjórnendur	Júní 2027
	Bjóða grunnskólum á Austurlandi í heimsókn	Stjórnendur	Desember 2026
	Sendu kort á nemendur í skólum Fjarðabyggðar á vorönn	Stjórnendur	Mars 2027
	Auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu	Stjórnendur	Júní 2027
	Viðhalda starfsemi bókasafnsins	Skólameistari	Júní 2027
	Tæknidagur 2027 þarfnast endurskoðunar	Stjórnendur	September 2026
9	Tillögur um auðlindir		
	Halda áfram að stuðla að starfsánægju með námskeiðahaldi og námsferðum	Stjórnendur	Júní 2027
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi	Stjórnendur	Júní 2027

Birgir Jónsson, skólameistari

Sigurborg Hákonardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri

Petra Lind Sigurðardóttir, aðstoðarskólameistari

Guðný Björg Guðlaugsdóttir, áfangastjóri
